Sýningar

Art-Hún
Stangarhyl 7, sími 673577
Í sýningarsal og vinnustofum eru til sýnis og sölu olíumálverk, pastelmyndir, grafík og ýmsir leirmunir. Opið er frá kl. 12–18.

Ásmundarsafn
Sigtúni, sími 32155
Þar stendur yfir sýning sem ber yfirskriftina Náttúran í list Ásmundar Sveinssonar. Safnið er opið kl. 10–16 alla daga.
dögum.

Gallerí 11
Skólavörðustíg
Finnska myndlistarkonan Kaisu Koivisto sýnir verk sín . Í verkum sínum teflir Kaisu saman ólíkum miðlum svo sem ljósmyndum, myndböndum, hefðbundnu temperamálverki og teikningum.

Gallerí Borg
Listamaðurinn Ásgeir Smári hefur undanfarin ár verið búsettur í Danmörku og unnið þar að list sinni. Hann er nú kominn til landsins með um það bil 25 ný málverk í farteskinu og opnar sýningu í Gallerí Borg á morgun kl. 16–18. Sýningin verður opin virka daga kl. 12–18 en kl. 14–18 um helgar. Henni lýkur 28. september.

Gallerí Fold
Austurstræti 3
Margrét Soffía Björnsdóttir, Sossa, sýnir nýjar olíumyndir dagana 18. september til 2. október. Opið er í Gallerí Fold mánudaga til föstudaga kl. 10-18 og laugardaga kl. 10–16. Allar myndirnar eru til sölu.

Gallerí Hjá þeim
Skólabörðustíg 6b.
Ingibjörg Hauksdóttir sýnir myndverkið sitt, „Púðar og klukkustrengir". Opnunartími er kl. 12–18 mánudaga til föstudaga og kl. 10–14 laugardaga.

Gallerí Hulduhólar
Arngunnur Ýr sýnir ný verk unnin á árinu 1993. Kallast verkin Himnar og eru olíumálverk unnin á ýmist striga, léreft eða tré. Alls eru 26 verk á sýningunni. Sýningin er opin kl. 16–19.

Gallerí List
Skipholti
Sýning á listaverkum eftir ýmsa listamenn. Opið daglega kl. 10.30–18.

Gallerí Úmbra
Amtmannsstíg 1
Sýning pólsku grafíklistamannanna Laszek Golinski og Maciej Deja hefur verið framlengd til 22. september. Báðir eru þeir þekktir og viðurkenndir listamenn í sínu heimalandi og víðar. Gallerí Úmbra er opið þriðjudaga til laugardaga kl. 13–18 og sunnudaga kl. 14–18.

Gallerí Sævars Karls
Bankastræti 9, s. 13470
Stefán Geir Karlsson sýnir tréskúlptúra, allt æskuminningar, sérstaklega frá uppvaxtarárum hans í Keflavík. Sýningin stendur til 22. september og er opin á virkum dögum kl. 10–18.

Gangurinn
Rekagranda 8
Nú stendur yfir sýning á verkum Janet Passehl. Efniviðinn og fyrirmyndir í verk sín sækir hún í nánasta umhverfi sitt, heimili, nærliggjandi umhverfi og á gönguferðum í bæinn en þetta blandast síðan eða tengist bernskutilfinningum og æskuminningum.

Götu-grillið
Borgarkringlunni
kynnir verk eftir Húbert Nóa.

Hafnarborg
Strandgötu 34
Á morgun verður opnuð glerlistasýning í Hafnarborg. Að sýningunni standa Inga Elín Kristinsdóttir, Lharne Tobias Shaw og Svafa Björg Einarsdóttir. Sýningin spannar vítt svið á meðhöndlun á gleri. Verða þar sýnd m.a. glermyndir í glugga, glerskúlptúrar, skálar, vasar og fleira. Þetta er fyrsta sýning þeirra Lharne og Svöfu hér á landi en Inga Elín hefur haldið fjölmargar sýningar hérlendis. Sýningin verður opin daga kl. 12–18, lokað á þriðjudögum. Sýningunni lýkur 4. október.

Íslenska húsið
Fákafeni 9
Nú stendur yfir samsýning fjölda listamanna á keramiki, gleri og myndlist. Opið alla virka daga frá kl. 10–18 og laugardaga frá kl. 10–14.

Kjarvalsstaðir
Á morgun kl. 16 verða opnaðar þrjár sýningar á Kjarvalsstöðum. Opnuð verður sýning á 45 málverkum eftir Gunnlaug Blöndal í tilefni af því að þann 27. ágúst sl. voru eitt hundruð ár liðin frá fæðingu hans. Þá verður opnuð sýningin Fimm norrænir meistarar. Á sýningunni eru kynnt verk eftir fimm norræna arkitekta. Um er að ræða farandssýningu sem unnin er af Arkitektasafni Finnlands í Helsinki. Þá verður einnig opnuð sýning á ljóðum eftir Hannes Pétursson. Sýningarnar verða opnar daglega kl. 10–18 og standa til 17. október.

Nýlistasafnið
Vatnsstíg
Á morgun kl. 16 verða opnaðar tvær skúlptúrsýningar. Brynhildur Þorgeirsdóttir sýnir á fyrstu hæðinni og ber sýningin yfirskriftina Strandhögg en þarna eru hlutir úr undirdjúpum sem gengnir eru á land. Á efri hæðum safnsins sýnir bandarísk listakona frá New York, Tina Aufiero, hún sýnir innsetningar (installations) sem hún nefnir The Chicken Theory. Sýningin stendur til 4. október og verður opin daglega kl. 14–18.

Mokkakaffi
v/Skólavörðustíg
Opnuð hefur verið á Mokka sýning á verkum eftir Þorvald Þorsteinsson, „Svipmyndir úr safni ímyndaðrar heildar". Hér er um að ræða sýnishorn úr nýjum flokki ljósmyndaverka sem Þorvaldur hefur unnið að síðan á miðju síðasta ári og var fyrst sýndur í Riga í Lettlandi í maí sl. Sýningin stendur til 10. október.


Listasafn Íslands:

Yfirlitssýning á grafíkverkum Braga Ásgeirssonar

„Við erum að opna yfirlitssýningu á verkum eftir Braga Ásgeirsson á morgun. Þetta eru um áttatíu verk og þau elstu eru frá 1952. Sýningin er í tveimur sölum. Þetta er fyrsta sýningin í nýjum flokki sérsýninga sem Listasafnið hyggst standa fyrir á næstu árum þar sem tekið verður saman úrval verka eftir íslenska myndlistarmenn af eldri kynslóð," segir Bera Nordal hjá Listasafni Íslands í samtali við DV.

Meðan á sýningunni stendur verður grafíklistin mjög í brennidepli í safninu. Grafíkverkstæði verður sett upp í kjallara þess en þar verða skólanemum kynntar ýmsar hliðar grafíklistarinnar.

„Bragi hefur verið brautryðjandi í grafíklist og kennt grafík í Myndlista- og handíðaskólanum. Margir af þekktustu grafíklistamönnum á Íslandi eru einmitt nemendur hans," segir Bera. -em



Bragi Ásgeirsson er brautryðjandi í grafíklist á Íslandi. DV-mynd ÞÖK

Nýlistasafnið:

Tvær skúlptúrsýningar

Nýlistasafnið stendur fyrir tveimur skúltúrsýningum á morgun. Brynhildur Þorgeirsdóttir sýnir á fyrstu hæðinni og ber sýningin yfirskriftina Strandhögg en á henni eru hlutir úr undirdjúpunum sem gengnir eru á land. Á efri hæðum safnsins sýnir bandaríska listakonan Tina Aufiero en hún sýnir innsetningar sem hún nefnir The Chicken Theory.

Sossa í Gallerí Fold

Margrét Soffía Björnsdóttir, Sossa, sýnir nýjar olíumyndir í Gallerí Fold, Austurstræti 3. Sossa hefur haldið einkasýningar bæði hérlendis og erlendis, nú nýlega í Danmörku og Noregi, og tekið þátt í samsýningum.

Vatnslitamyndir í Portinu

Á morgun verður opnuð sýning Jónínu Bjargar Gísladóttur í Portinu, Strandgötu 50. Á sýningunni eru vatnslitamyndir og ber hún nafnið Utan seilingar. Sýningin er opin daglega frá kl. 14 til 18 nema þriðjudaga.

Hafnarborg:

Gler-þrenna

Á morgun verður opnar glerlistarsýning í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Að sýningunni standa Inga Elín Kristinsdóttir, Lharne Tobias Shaw og Svafa Björg Einarsdóttir. Sýningin spannar vítt svið í meðhöndlun á gleri. Þar verða meðal annars sýndar glermyndir í glugga, glerskúlptúrar, skálar, vasar og fleira. Þetta er fyrsta sýning þeirra Svöfu og Lharne á Íslandi en Inga Elín hefur haldið fjölmargar sýningar hérlendis.

Listhúsið í Laugardal:

Skúlptúrverk úr kristalgleri

Jónas Bragi Jónasson opnar sýningu á skúlptúrverkum úr kristalgleri í Listhúsinu í Laugardal á morgun. Sýningin nefnist Öldur og þar má meðal annars sjá samnefnt verk sem hlaut fyrstu verðlaun á glerlistarsýningu í Englandi árið 1992. Öldur er fyrsta einkasýning Jónasar Braga en áður hefur hann tekið þátt í samsýningum, bæði hér og erlendis.



Gunnlaugur málaði aðallega konumyndir DV-mynd Brynjar Gauti

Kjarvalsstaðir:

Verk Gunnlaugs Blöndal

Á morgun kl. 16 verður opnuð sýning á Kjarvalsstöðum á 45 málverkum eftir Gunnlaug Blöndal. Tilefnið er að eitt hundrað ár eru liðin frá fæðingu hans. Gunnlaugur hreif gagnrýnendur og listunnendur og tókst að skapa sér rými í frönsku listalífi. Hann var viðurkenndur sem virtur þátttakandi í Parísarskólanum og átti verk á frægri sýningu á franskri samtímalist sem send var til Tokyo 1926. Á fjórða áratugnum sýndi Gunnlaugur víða um Evrópu.

Sýningar

Nesstofusafn
Nesströð, Seltjarnarnesi
Lækningaminjasafn sem sýnir áhöld og tæki sem tengjast sögu læknisfræðinnar á Íslandi. Stofan er opin á sunnud., þriðjud., fimmtud. og laugardögum frá kl. 12–16. Aðgangseyrir er kr. 200.

Norræna húsið
Margrét Jónsdóttir listmálari sýnir í Norræna húsinu. Margrét sýnir olíu og aquarelle verk frá árunum 1990–1993. Sýningin stendur til 19. september og er opin á milli kl. 14 og 19 alla daga.

Katel
Laugavegi 20b, sími 18610
(Klapparstígsmegin)
Til sölu eru verk eftir innlenda og erlenda listamenn: málverk, grafík og leirmunir.

Listasafn ASÍ
Grensásvegi 16a
Á morgun kl. 14 opnar Páll Reynisson, ljósmyndari og kvikmyndatökumaður, ljósmyndasýningu. Á sýningunni eru 65 svart-hvítar ljósmyndir og litljósmyndir sem Páll hefur tekið og unnið á undanförnum 4 árum, bæði innanlands og utan. Sýningin er opin frá kl. 14–22, lokað á miðvikudögum. Síðasti sýningardagur er 3. október. Hér er um sölusýningu að ræða og er vakin athygli á því að aðeins eitt eintak er af hverri mynd.

Listasafn Einars Jónssonar
Njarðargötu, sími 13797
Opið alla daga nema mánudaga kl. 13.30–16. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega kl. 11–18.

Listasafn Íslands
Á morgun verður opnuð yfirlitssýning á grafíkmyndum Braga Ásgeirssonar á efri hæð Listasafnsins. Er þetta fyrsta sýningin í nýjum flokki sérsýninga sem Listasafnið hyggst standa fyrir á næstu árum. Á sýningunni verða u.þ.b. 80 þrykk frá 1952 til 1993. Listasafn Íslands er opið daglega nema mánudaga kl. 12–18. Sýningunni lýkur 31. október.

Listhús í Laugardal
Engjateigi 17, s. 680430
Sjöfn Har. Vinnust. er oftast opin virka daga kl. 15–18 og kl. 14–16 laugardaga eða eftir samkomulagi. Jónas Bragi Jónsson opnar sýningu á skúlptúrverkum úr kristalgleri laugardaginn 18. september. Sýningin nefnist „Öldur" og þar má meðal annars sjá samnefnt verk sem hlaut fyrstu verðlaun á glerlistarsýningu í Englandi árið 1992. Sýningin stendur til 3. október og er opin daglega kl. 10–18, nema sunnudaga kl. 14–18.

Listinn
gallerí – innrömmun
Síðumúla 32, sími 679025
Uppsetningar eftir þekkta íslenska málara. Opið virka daga kl. 9–18, laugardaga kl. 10–18 og sunnudaga kl. 14–18.

Listasafn Háskóla Íslands
í Odda, sími 26806
Þar er nú á öllum hæðum sýning á nýjum verkum í eigu safnsins. Opið er daglega kl. 14–18. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Portið
Strandgötu 50, Hafnarfirði.
Á morgun kl. 15 verður opnuð sýning á vatnslitamyndum Jónínu Bjargar Gísladóttur. Sýningin ber nafnið „Utan seilingar". Sýningin er opin daglega kl. 14–18 nema þriðjudaga. Henni lýkur 10. október.

Safn Ásgríms Jónssonar,
Bergstaðastræti 74, sími 13644
Opnuð hefur verið sýning á vatnslitamyndum Ásgríms Jónssonar í safni hans við Bergstaðastræti. Í vetur verður safnið opið á laugardögum og sunnudögum kl. 13.30–16. Lokað í desember og janúar.

Sjóminjasafn Íslands
Vesturgötu 8, Hafnarfirði, s. 654242
Sjóminjasafnið er opið alla daga frá júní út september kl. 13–17.

Stofnun Árna Magnússonar
Árnagarði v/Suðurgötu
Handritasýning opin alla virka daga í sumar kl. 14–16.

Stöðlakot
Bókhlöðustíg 6
Jón Reykdal sýnir í Stöðlakoti. Á sýningunni eru aðallega ýmsar smámyndir unnar í gvass og pastel. Sýningin verður opin daglega kl. 14–18 til 19. september.

Póst- og símaminjasafnið
Austurgötu 11, Hafnarfirði, sími 54321
Opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15–18. Aðgangur ókeypis.

Vinnustofa Ríkeyjar
Hverfisgötu 59, sími 23218
Þar eru til sýnis og sölu postulínslágmyndir, málverk og ýmsir litlir hlutir. Opið er á verslunartíma þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 12–18 og á laugardögum kl. 12–16.

Þjóðminjasafn Íslands
Opið alla daga nema mánudaga kl. 11–17.

Minjasafnið á Akureyri
Aðalstræti 58, sími 24162.
Opið daglega kl. 11–17.

Listasafnið á Akureyri
Opið alla daga kl. 14–18. Lokað mánudaga. Opnunarsýningin stendur til mánaðamóta.